

Nd.

389. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög.

Nefndin hefir íhugað frumvarpið og ræður háttv. deild til að samþykkja það með breytingu þeirri, sem felst í brtt. síðast í nefndarálitinu.

Frumvarpið er borið fram vegna óska, sem komið hafa til Alþingis frá 5 sjúkrasamlögum og liggur erindi það frammi á lestrarsalnum (Nd. nr. 301).

Sjúkrasamlög hafa risið hjer upp eftir að l. nr. 39, 11. júlí 1911 voru gefin. Eru þau nú orðin 6 lögskráð. Eru þau þessi:

1. Sjúkrasamlag Reykjavíkur h. u. b. 500 manns.
2. ——— Akureyrar ——— 180 —
3. ——— Hafnarfjarðar ——— 160 —
4. ——— Sauðárkróks ——— 60 —
5. ——— Siglufjarðar ——— 60 —
6. ...— Seyðisfjarðar ——— 60 —

Þannig eru í samlögunum nú eftir 4 ár, alls rúm 1000 manns.

Af þessu má sjá, að enn vantar mikið á að sjúkrasamlögin hafi fengið þá útbreiðslu sem skyldi. Telur nefndin það illa farið, með því að hún er

öll á einu máli um það, að holt væri að samlög þessi næðu sem mestri útbreiðslu. Ein af aðalorsökum örbirgðarinnar og þess sem af henni leiðir þ. á. m. sveitabyngsla, eru veikindi, sem menn eiga örðugt að standast kostnað af. Trygging gegn veikindum er því eitt af mestu nauðsynjamálum vorum. En hana veita samlögin.

Reynslan hefir nú orðið sú, að með þeim iðgjöldum sem samlögin hafa talið sjer fært að taka hæst, hafa tekjur samlaganna aldrei hrokkið fyrir gjöldum — með þeim landssjóðsstyrk, sem þau hafa notið hingað til. Til dæmis skal tilfært um sjúkrasamlag Reykjavíkur það, sem hjer segir:

Árið 1914 námu tekjur samlagsins kr. 7049,00
en útgjöld — 7400,00

Tekjuhóllinn verður kr. 351,00. Og þó aflaði samlagið sjer á þessu ári kr. 1610,00 aukatekna með hlutaveltu o. fl.

Útgjöldin sundurliðast þannig:

Til lækna kr. 2012,00
— lyfja — 1497,00
— heilsuhælis — 694,00
— Landakotsspítala.. ... — 330,00

Eins og sjá má af þessu, vantar mikið á, að venjulegar árstekjur standist útgjöldin. En svo er lítið á, að í meðalárum verði samlögin að geta staðist útgjöld sín með iðgjöldum, og styrk þeim, er þau fá frá því opinbera. Alt fje, sem þeim áskotnast á annan hátt, á að fara í varasjóð, sem talið er nauðsynlegt fyrir samlögin að eiga. T. d. eru samlögin í Danmörku nú orðin svo öflug, að þau eiga varasjóði, sem nema 11 kr. á hvern mann, sem er í þeim. Hjer eiga samlögin engan varasjóð; aðeins skuldir.

Breytingar þær, er í frumv. felast, miða til þess að lagfæra það, sem talið er hafa staðið samlögunum aðallega fyrir þrifum:

1. Of lítill styrkur frá því opinbera.
2. Ofmikil takmörkun á því, hverjir megi í samlögin ganga.

Um 1.

Þótt nefndinni virðist margt mæla með því, að hækka styrkinn svo sem fram á er farið í frumv., hefir hún þó komið sjer saman um að leggja til að landssjóðstillagið verði að sinni eigi hækkað meira en upp í kr. 1,50 fyrir hvern samlagsmann í kaupstöðum og kauptúnum, sem læknir er búsettur í, en annarsstaðar upp í kr. 2,25.

Í álitsskjali landlæknis, sem fylgdi nefndaráliti Ed. á þinginu 1911, leggur hann til að landssjóðsstyrkurinn sje ákveðinn 2 kr. fyrir hvern samlagsmann og tilfærir jafnframt, að þótt sjúkrasamlög væru jafn útbreidd hjer á landi, eins og í því landi, sem samlögin eru í besta gengi, Þýskalandi, — en þess mun langt að biða að svo verði — þá færi öll upphæð landssjóðstillagsins (með 2 kr. tillagi á mann) ekki mikið fram úr 30 þús. krónum. Þetta getur eigi talist nein ógurleg upphæð í samanburði við það þjóðargagn, sem hjer er um að ræða.

Til samanburðar skal þess getið, að ríkissjóðstillagið fyrir hvern samlagsmann er:

I Danmörku :

Í Khöfn	kr. 4,65
- öðrum kaupstöðum	— 4,15
- sveit	— 3,65
Í Svíþjóð	kr. 4,00

Um 2.

Hitt, að launahámark samlagsmanna sje hækkað úr 1200 kr. upp í 1800 kr., telur nefndin eðlilegt. Með því að meina þeim mönnum að ganga í samlögin, sem hafa eitthvað meira en 1200 kr. í árstekjur, fara samlögin varhluta af fjölda þeirra manna, sem ella mundu ganga í þau, og verða góð stoð fyrir þau, þ. e. handiðnaðarmenn og verslunarþjónar. Að laun flestra manna úr þessum flokki eru nú hærri en 1200 kr., stafar með fram af því, að verðgildi peninga hefir lækkað svo mjög á síðari árum, og því eðlileg þessi breyting á launahámarkinu.

Nefndin telur sjer eigi fært, að fara hærra en upp í 1800 kr., eins og frv. gerir ráð fyrir, þótt sum sjúkrasamlaganna hafi farið fram á hækkun upp í 2000 kr.

BREYTINGARTILLAGA :

1. gr. frv. orðist svo :

Fyrir »1 króna, en annarsstaðar 1 króna 50 aurar« í 2. gr. laganna, komi:

1 króna 50 aurar, en annarsstaðar 2 krónur 25 aurar.

Neðri deild Alþingis, 17. ágúst 1915.

Sigurður Sigurðsson,
formaður.

Sveinn Björnsson,
ritari.

Björn Hallsson.

Jóhann Eyjólfsón.

Benedikt Sveinsson.